

13. ágúst 2025

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á ostum

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Duc de Loire ost** og **Royal Fauconx Camambert**. Innköllunin varðar eingöngu sölueiningar með best fyrir dagsetningar og lotunúmer sem tilgreind eru í tilkynningunni.

Ástæða innköllunarinnar er grunur um *Listeria monocytogenes*.

Vörur sem falla undir innköllunina hafa verið teknar úr sölu í verslunum.

Upplýsingar um vörurnar:

Vöruheiti: Duc de Loire
Nettómagn: 300g
Umbúðir: Askja og filma
Best fyrir dagsetning: 12-08-2025
Lotunúmer: C5170112
Geymsluskilyrði: Kælivara
Upprunaland: Frakkland
Dreifing: Hagkaups

Vöruheiti: Royal Fauconx Camembert
Nettómagn: 250g
Umbúðir: Askja og filma
Best fyrir dagsetning: 17-08-2025
Lotunúmer: C5171077
Geymsluskilyrði: Kælivara
Upprunaland: Frakkland
Dreifing: Hagkaups

Viðskiptavinum Hagkaups sem keypt hafa vörurnar er ráðið frá því að neyta þeirra og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Fyrir hönd framleiðanda vörunnar biður Aðföng viðskiptavini Hagkaups sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið gm[at]adfong.is

